

Veggteppi eftir Ásgerði Búadóttur afhent á Norrænu menningarmála-skrifstofunni í Kaupmannahöfn


ÁSGERÐI Búadóttur listakonu var sumarið 1978 falið að annast gerð veggteppis sem hanga á í Norrænu menningarmála-skrifstofunni í Kaupmannahöfn. Stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda ákvað að kaupa verk handa skrifstofunni frá aðildarlöndum sjóðsins. Var forstjóranum, Klas Olofson, og ráðuneytisstjóra danska menntamálaráðuneytisins, Ole Perch Nilsen, falið að annast framkvæmd málsins. Urðu þeir sammála um að leita eftir vefnaði frá Íslandi og samþykkti stjórnin þá tilhögun. Var Ásgerði falið verkið eins og áður er getið.

„Vefnaðinn kalla ég „Þar sem eldurinn aldrei deyr“. Nafnið er tvíþætt og helgast annar þátturinn Íslandi þar sem eldurinn undir býr, en hinn er í symb-

Kaupmannahafnar til að sjá hvar teppinu var ætlaður staður,“ sagði Ásgerður í samtali við Mbl. „Það var ekki laust við að ég fengi smá hjartslátt þegar ég gekk inn í salinn, það er ekki alltaf sem maður fær svona verkefni.

Það var eitthvað svo ágætt að sjá Ásgrím þarna uppi á vegg og myndin hans hafði góð áhrif á mig. Svo var líka búið að segja mér að Snaregade 10 væri sama húsið og Kvistur var í, prentsmiðja Jónasar Hallgrímssonar og félaga. Það gerði það auðvitað ennþá merkilegra í mínum augum.

Ég fór þangað 2 eða 3 morgna til að rissa og mæla og bara að fá tilfinningu fyrir umhverfinu. Það fannst mér mikið atriði. Maður vinnur innan ákveðins ramma, það er ekki bara veggurinn sem teppið á að hanga á, það



Myndin var tekin þegar Ásgerður Búadóttir afhenti listaverk sitt. Með henni á myndinni er forstjóri Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, Klas Olofson.

Eldur Íslands og listarinnar

ólskri merkingu um þann eld eða aflgjafa sem Menningarsjóður Norðurlanda er og á að vera norrænni list og menningu.“ Þannig lýsti Ásgerður veggteppi sínu við afhendingu þess í fundarsal skrifstofunnar í Snaregade 10 í Kaupmannahöfn 17. desember s.l. Viðstaddir athöfnina voru m.a. sjóðsstjórn menningarsjóðsins og sendiherrar Norðurlanda í Kaupmannahöfn.

Teppið er tvískipt en í heild er það 3,3 metrar á breidd. Það er ofið úr íslenskri ull.

„Ég hóf verkið á því að fara til

er salurinn í heild, húsgögn og ýmislegt annað sem kemur inn í myndina. Verkið á helst ekki að stangast á við umhverfið heldur að falla að því. Að nokkru leyti er þetta kannski erfiðara — en þó ekki. Það er líka gott að geta stuðst við eitthvað ákveðið. Það var ekki fyrr en eftir að ég var búin að senda út teikningu sem var samþykkt að mér fannst þetta byrja fyrir alvöru.

Ég byrjaði á því að lita. Ég notaði tvenns konar rautt jurtalitarefni og svo notaði ég sauðsvarta, og hvítt.

Ég geri alltaf teikningu í fullri stærð áður en ég fer að vefa og vík eiginlega aldrei út frá henni eða sjaldan. En litina hef ég að mestu í höfðinu. Stundum getur það verið erfitt því á láréttum vefstól sér maður ekki meira en svo sem 30 cm af vefnum í einu. Maður verður því aðeins að reyna að sjá heildina fyrir sér í huganum og vona að maður hitti á það rétta. Stundum væri gott að geta bara málað yfir.“

— Hvar fékkstu hugmyndina að veggteppinu?

„Það er nú stundum erfitt að útskýra, en það er sagt að verkefni skapi eða sé kveikja hugmynda. Það fer í öllu falli eitthvað af stað í manni. Mér finnst til dæmis eitthvað svo magnað þegar ég les svona yfirskrift í blöðum eins og „Áð búa á eldfjalli“ eða „Þar sýður jörðin undir fótum manns!“

Svo leiddi hugmyndin af sér nafnið sem ég fékk að láni úr þulunum hennar Theódóru.“

— Hvað ertu að gera núna? „Ég tók þátt í sýningu úti í Kaupmannahöfn með „Kolorist-

ene“. Það er mjög virtur listamannahópur sem í eru um 20 manns, myndhöggvarar og málara. Við vorum tvær sem sýndum vefnað. Þetta er í þriðja skipti sem ég sýni með þeim, ég er orðin nokkurs konar fastagestur. Þar sýndi ég þetta teppi og tvö önnur. Nú held ég bara áfram að vefa. Það er dálítið sem ég hef verið með í huganum lengi sem ég vinn að nú, eiginlega bara fyrir sjálfa mig, það er ég að vissu leyti alltaf að gera,“ sagði Ásgerður Búadóttir að lokum.

Dale Carnegie Sölunámskeiðið

Nýtt námskeið er að hefjast — Þriðjudagskvöld.

Námskeiðið getur hjálpað þér að:

- ★ Öðlast meir trú á söluhæfileikum þínum og starfið verður auðveldara.
- ★ Að nota vörupækkingu þína og byggja upp meiri eldmód.
- ★ Þjálfra betri sölutækni og læra að skilgreina söluna.
- ★ Svара mótbárum á sannfærandi hátt. Árangurinn verður sá að sölumaðurinn lærir að ná: Vinsamlegri athygli, vekja áhuga, byggja upp sannfæringu, kveikja löngun til að ljúka sölunni.

Fyrir áhugasama sölumenn er þetta fjárfesting sem skilar arði ævilangt.

Innritun og upplýsingar í síma:

82411

DC
DALE CARNEGIE
NÁMSKEIÐIN

Einkaleyfi á Íslandi

STJÓRNUNARSKÓLINN
Konráð Adolphsson

Sylvester Stallone í Laugarásbíói

LAUGARÁSBÍÓ frumsýnir í dag bandarísku kvikmyndina „Bræður glímukappans“ (Paradise Alley). Höfundur handritsins og leikstjóri er Sylvester Stallone. Framleiðendur eru John F. Roach og Ronald A. Suppa. Tónlistin er eftir Bill Conti.

Með aðalhlutverk fara Sylvester Stallone, Lee Canalito, Armand Assante, Frank McRae og Anne Archer. Myndin segir frá þremur bræðrum, Cosmo, Victor og Lenní Carboni. Draumur Cosmo er að gera Victor, sem er mikill að vexti, að glímumanni sem komist langt í þeirri grein. Áhugi Victors er ekki of mikill en loks fer þó svo að honum tekst að vinna mikinn sigur í hringnum, þeytir keppinaut sínum út til áhorfenda.

En það þeim bardaga loknum trúir hann bræðrum sínum fyrir því að hann ætli að gefa bardagann upp á báttinn.



Sylvester Stallone í hlutverki Cosmo Carboni í kvikmyndinni „Bræður glímukappans“.

Skólastjórar í Reykjavík:

Áhyggjur af vaxandi nef-tóbaksnotkun unglínganna

SKÓLASTJÓRAR í Reykjavík hafa af því nokkrar áhyggjur að færst hefur í vöxt nef-tóbaksnotkun unglíngna í grunnskólum og ræddu þeir þessi mál á fundi sínum nýlega og hvað hægt væri að gera til að sporna við þessari tegund tóbaksnotkunar. Ásgeir Guðmundsson skólastjóri tjáði Mbl. að á fundi sínum hefðu skólastjórar ritað fræðslufyrirvöldum og farið fram á að nef-tóbaksnotkun þessi yrðu könnuð

og hamlad gegn innflutningi þeirra, reyndust þau vera skaðleg.

Ásgeir Guðmundsson sagði nef-tóbakstegundir þessar vera með sérstökum ilmeftum, t.d. mentol, og væri að sínu mati aðeins verið að koma tóbaksnotkun að hjá fólki eftir nýjum leiðum og með nýjum umbúðum. Því hefðu skólastjórar rætt þessi mál á fundi að notkun þessara tóbaksfna virtist vaxandi í grunnskólum og því erindi beint til

yfirvalda að kannað væri hvort rétt þætti að stöðva þennan innflutning.

Kristján J. Gunnarsson fræðslustjóri sagði erindi skólastjóranna hafa verið sent borgarlækni og skólafyrirlækni til umsagnar og Páll Gíslason upplýsti að það hefði verið kynnt í heilbrigðisráði Reykjavíkur og málinu vísað til borgarlæknis og hann beðinn að kynna sér það og hefði málið ekki komið að nýju til umræðu í ráðinu.